

Minnisblað

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, nr. 54/1990 og nr. 25/1993

Hafa verður í huga að lögum um innflutning dýra (54/1990) eru sóttvarnalög og miða að því að koma í veg fyrir innflutning sjúkdóma. Sama er að segja um X. kafla lax- og silungsveiðilaga (76/1970). Hvorug lög taka á þeirri hættu sem steðjar að villtri náttúru vegna innflutnings á framandi tegundum eða stofnum.

Úr þessu var reynt að bæta við endurskoðun náttúruverndarlaga 1999. Ákvæði um innflutning framandi lífvera voru sett í náttúruverndarlögum (44/1999) með vísun til alþjóðlegra samninga (Ríó-samningsins um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningsins um vernd villtra dýra og plantna í Evrópu og búsvæði þeirra), sbr. 41. gr. sem fjallar um “innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera”. Þar segir m.a. að birta megi “skrá yfir tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins”, en það hefur ekki verið gert ennþá.

Í 1. mgr. 41. gr. náttúruverndarlaga segir: “Að því leyti sem ekki er kveðið á um í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, getur ráðherra veitt leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu framandi lífvera.” Með þessari takmörkun var verið að koma í veg fyrir að umhverfisráðherra gæti veitt leyfi fyrir innflutningi á lífverum sem gætu borið sjúkdóma sbr. sóttvarnalög landbúnaðarráðherra. Hugsunin er ekki að þessi sóttvarnalög takmarki heimildir í náttúruverndarlögum til að koma í veg fyrir innflutning sem getur skaðað villta náttúru (tegundir og stofna villtra dýra og búsvæði þeirra).

Með bráðabirgðalögum er verið að heimila innflutning á lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum. Áður var þessi innflutningur bannaður en landbúnaðarráðherra gat veitt undanþágur að fengnum umsögnum frá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt meðmælum yfirdýralæknis. Þetta þýðir að á meðan umhverfisráðherra hefur ekki sett reglugerð um innflutning dýra er innflutningur á “lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum” heimill án leyfa og ekki þarf neinar umsagnir eða meðmæli fagaðila. Bráðabirgðalögin galopna þannig fyrir óheftan innflutning á lífverum sem geta skaðað lífríki í fersku vatni á Íslandi.

Lífríki í ám og vötnum á Íslandi er tiltölulega fábrotið. Tegundir eru fáar og vistkerfin ekki jafn flókin og gerist þar sem tegundafjöldi er mikill. Þessu fylgir að lífríki í ám og vötnum hér er mun viðkvæmara fyrir röskun og þar á meðal fyrir skaðlegum áhrifum af innflutningi nýrra tegunda og stofna. Þetta þýðir t.d. að ein ágeng framandi krabbategund, eða lindýr, getur valdið verulegum skaða á vistkerfi í fersku vatni og þar á meðal á búsvæðum laxfiska. Dæmi um slík skaðleg áhrif eru mörg í heiminum, enda eru ágengar og framandi tegundir taldar vera ein mesta ógn sem steðjar að lífríki jarðar.

Það er mjög mikilvægt að vernd villtrar náttúru gegn innflutningi á framandi lífverum verði styrkt með setningu reglugerðar á grundvelli 41. gr. náttúruverndarlaga samhliða breytingum á sóttvarnalöggjöfnum verði hún veikt líkt og bráðabirgðalögin gera. Það er ekki aðeins íslenskur lax sem er í hættu (vegna samkeppni og erfðablöndunar), heldur einnig búsvæði hans og annarra laxfiska (urriði, bleikja) auk verðmæts lífríkis í íslenskum ám og vötnum. Lífríki Þingvallavatns og Mývatns eru t.d. einstök og þekkt á heimsvísu og þeim stafar hættu af þessari opnu heimild fyrir innflutningi á silungi, krabbadýrum og lindýrum. Mörg önnur íslensk vatnasvæði eru einstök og viðkvæm fyrir þessari ógn eins og Veiðivötn, Arnarvatnsheiði ofl.

Athygli vekur að samkvæmt bráðabirgðalögum þurfa innfluttu dýrin ekki að koma úr eldi – það má sækja þau í villta náttúru annarra landa, aðeins gerð krafa um að þau séu ætluð til eldis!

Náttúrufræðistofnun vill einnig vekja athygli á dómafordæmi sem sýnir að Evrópuðómstóllinn hefur tekið verndarsjónamið fram fyrir grein 28 (áður 30) í stofnsamningi ESB-sáttmálans um frjálsa

verslun. Frá þessu dómafordæmi er sagt í umsögn Náttúrufræðistofnunar um þessar lagabreytingar sem sent var landbúnaðarnefnd Alþingis 12. júní 2003.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS